



**IDAN**  
fræðslusetur

2014 - 2015

# ÁRSSKÝRSLA







# Inngangur



Þau tímamót urðu í starfsemi IDUNNAR þann 14. maí 2014 að fyrirtækið flutti í nýtt húsnæði að Vatnagörðum 20. Nú er því liðið fyrsta heila starfsárið í nýju húsnæði og óhætt að segja að reynslan hafi verið góð. Öll aðstaða að Vatnagörðum er til fyrirmyndar og sniðin að starfsemi IDUNNAR. Aðstaðan hentar einnig vel fyrir hverskyns viðburði og stóð IDAN fyrir tveimur mannamótum á síðasta starfsári, annars vegar Degi íslensks prentiðnaðar og hins vegar Málmsuðudeginum. Báðir tókust mjög vel og sóttu nokkur hundruð manns okkar heim í tilefni þeirra.

Framkvæmd var markaðskönnun veturinn 2015 í því skyni að undirbúa betur námskeiðsframboð ársins. Þátttakan í könnuninni var góð og verður þessi háttur hafður á í framtíðinni, þ.e. að leita til okkar félagsmanna og þeirra sem komið hafa á námskeið til okkar eftir hugmyndum um ný námskeið og almennum ábendingum um starfsemi IDUNNAR.

Frá miðju ári 2014 til miðs árs 2015 voru haldin alls 318 námskeið á vegum IDUNNAR fræðsluseturs. Heildarfjöldi þátttakenda á tímabilinu var 3261 sem er umtalsvert meiri þáttaka en á síðasta starfsári. Starfsmönnum IDUNNAR hefur einnig fjölgað á starfsárinu og eru þeir nú 24.

Hildur Elín Vignir,  
framkvæmdastjóri IDUNNAR






## IÐAN fræðslusetur

*Aðalfundur IÐUNNAR  
var haldinn 2. október  
2014. Stjórnin hélt  
samtals níu fundi á  
starfsárinu 2014 – 2015.*

IÐAN sinnir símenntun starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prentæknigreinum og matvæla- og veitingagreinum og hársnyrtiðn. Hlutverk IÐUNNAR er að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni eftir því sem þörf krefur. Áhersla er lögð á að bregðast skjótt við þörfum iðnaðarins fyrir nýja þekkingu. Með öflugri símenntun móta einstaklingar starfsþróun sína eftir kröfum atvinnulífsins og með þeim hætti verður þekking þeirra verðmætari bæði fyrir þá sjálfa og samfélagið í heild.

IÐAN býður fyrirtækjum og einstaklingum markviss tækifæri og lausnir í símenntun. Á vegum IÐUNNAR fer fram greining á þörfum fyrirtækja fyrir þekkingu. Þjálfun og þekkingu er miðlað með hliðsjón af því sem hentar aðstæðum og þörfum hvers og eins, hvort sem um er að ræða kennslu í skólastofu, þjálfun á vinnustað eða einstaklingsbundna leiðsögn.



## Stjórn IÐUNNAR

Aðalmenn í stjórn IÐUNNAR fræðsluseturs árið 2014-2015 voru: Atli Vilhjálmsson (BGS), Bjarni Thoroddsen (SI), Eyjólfur Bjarnason (SI), Finnbjörn Hermannsson (Samiðn), Georg Páll Skúlason (FBM) formaður, Guðmundur Ragnarsson (VM), Hilmar Harðarson (FIT/Samiðn), Þráinn Lárusson (SAF), Katrín Dóra Þorsteinsdóttir (SI) og Niels S. Olgeirsson (Matvís).

Varamenn í stjórn voru: Friðrik Á. Ólafsson (SI), Heimir Kristinsson (Samiðn), Jóhann R. Sigurðsson (Samiðn), Jóhannes Jóhannesson

(BGS), Oddgeir Þór Gunnarsson (FBM), Ólafur S. Magnússon (FIT/Samiðn), Ragnheiður Héðinsdóttir (SI), Stefán Hrafn Hagalín (SI) og Þorsteinn Gunnarsson (Matvís). Varamaður og áheyrnafulltrúi í stjórn var Jón Sigurðsson (MFH).

Eignarhlutar IÐUNNAR skiptast í níu hluta: Samtök iðnaðarins fara með 33%, Samiðn 14,7%, Bílgreinasambandið 10%, Grafía 10%, FIT 10%, MATVÍS 10%, Félag vélstjóra og málmtæknumanna 5,3%, Samtök ferðaþjónustunnar 5% og Meistarafélag húsasmiða 2%.

# Helstu verkefni stjórnar



## Fræðslustjóri að láni

ÍÐAN tók þátt í tilraunaverkefninu Fræðslustjóri að láni þar sem unnið var annars vegar með Veitingahúsinu Kopar og svo Íslenskum aðalverktökum. Verkefnið voru unnin í samstarfi við Starfsafli, Landsmennt, SVP og Rafiðnaðarsambandið. Aðkoma ÍÐUNNAR að þessum verkefnum fólst í greiðsluþátttöku. Á vormánuðum tók ÍÐAN þátt í þremur öðrum fræðslustjóraverkefnum. Fyrirtækin voru Icelandair hótel, Höldur bílaleiga og fyrirtækið Umslag. ÍÐAN kom að þessum verkefnum í formi vinnuframlags að þessu sinni en ekki með beinu fjárframlagi. Fimm starfsmenn ÍÐUNNAR fengu þjálfun í að beita MARKVISS aðferðafræðinni sem nýtt er í fræðslustjóraverkefninu. Fræðslustjóraverkefnið í Höldi var unnið í samstarfi við Símei.

## Vefgátt um starfsmenntasjóði

Stjórn samþykkti að taka þátt í undirbúningi að vinnu um vefgátt sem miðar að því auðvelda fyrirtækjum aðgengi að upplýsingum og styrkjum starfsmenntasjóðanna. Vefgáttin mun einnig nýtast sem upplýsingaveita fyrir einstaklinga á vinnumarkaði og kynna nánar verkefni starfsmenntasjóðanna.

## Nám og störf

ÍÐAN vinnur að vef um nám og störf sem á að vera kynning á iðn- og verkgreinum. Áhersla verður á námsframboð iðn- og starfsnáms og einstök starfssvið. Markmiðið er að efla samstarf á milli ÍÐUNNAR og grunnskólans, að ná tengslum við náms- og starfsráðgjafa grunnskólanna og kynna fyrir þeim möguleika á nýtingu á efni vefsins í sína vinnu innan skóla. Með þessu ætti að opnast tækifæri til að nálgast grunnskólanema með fjölbreyttari hætti en gert hefur verið hingað til. Á vefnum verður gagnvirk efni sem ætlað er að auka áhuga grunnskólanema á iðnnámi. Vefurinn mun tengjast vefnum [www.naestuskref.is](http://www.naestuskref.is) og [www.verknám.is](http://www.verknám.is).

## Uppgjör vegna Vatnagarða 20

Á starfsárinu fór mikill tími stjórnar í frágang vegna Vatnagarða 20 og lauk stjórn uppgjöri við fyrirtækið Jáverk um húsnæði ÍÐUNNAR.

## Fyrirtækjastyrkir ÍÐUNNAR

Stjórn samþykkti reglur um styrki til fyrirtækja sem greiða endurmenntunargjöld til ÍÐUNNAR. Almenna reglan er að fyrirtæki fá greitt í ákveðnu hlutfalli við framlög þeirra í sjóðinn að ákveðnu hámarki sem nemur 50% kostnaðar við hvert námskeið. Námskeið sem fyrirtæki halda á eigin vegum eru einnig styrkt eftir ákveðnum reglum. Fyrirtæki sem eru ekki aðilar að SA/SI fá 90% af þeim styrkjum sem fyrirtæki innan samtakanna gætu fengið í sinn hlut.

# Markaðskönnun

Tekið hefur verið upp á þeirri nýbreytni að gera sérstaka markaðskönnun fyrir IÐUNA fræðslusetur einu sinni á ári. Könnuninni er ætlað að styðja við markaðssetningu og framkvæmd námskeiða. Könnunin var rafræn og framkvæmd í apríl 2015. Sendar voru spurningar á 6100 netföng sem eru hluti af póstlista IÐUNNAR fræðsluseturs. Póstlistinn inniheldur m.a. alla þá sem sótt hafa námskeið hjá IÐUNNI fræðslusetur undanfarin ár. Alls bárust 2032 svör mjög góð svörum.

Rúmlega helmingur, eða alls 56% af þeim sem svöruðu spurningunni töldu mjög eða frekar líklegt að þeir myndu sækja námskeið hjá IÐUNNI. Svörin voru nokkuð mismunandi eftir sviðum, flestir svöruðu henni játandi á bygginga- og mannvirkjasviði, en færstir í snyrtigreinum.

Í könnuninni var óskað eftir hugmyndum að námskeiðum og barst fjöldi ábendinga sem komu að góðum notum við vinnslu á námsvísi

haustannar 2015. Einnig bárust gagnlegar ábendingar varðandi t.d. staðsetningar á námskeiðum, tímasetningar og kostnað svo fátt eitt sé upptalið.

Spurt var um markaðssetningu á námskeiðum og fær mikill meirihluti þátttakenda upplýsingar um námskeið IÐUNNAR í námsvísinum sem gefinn er út tvisvar á ári. Þegar spurt er um hvernig þátttakendur vilja að staðið sé að miðlun upplýsinga um námskeið vill stór hluti fá upplýsingar í námsvísi en einnig vilja margir fá upplýsingar sendar til sín í tölvupósti.

Þátttakendur í könnuninni kjósa helst staðbundið nám en blanda af staðbundnu námi og fjarnámi virðist vera spennandi valkostur. Er þegar byrjað að útfæra slíkt nám hjá IÐUNNI. Þegar spurt var um kennslutíma kom í ljós að þátttakendur kjósa helst kennslu í tveggja daga lotum um helgar og kennslu síðdegis virka daga.

56%

Rúmlega helmingur  
töldu mjög eða frekar  
líklegt að þeir myndu  
sækja námskeið hjá  
IÐUNNI.







## Markaðs- og kynningarmál

Mikilvægasta markaðstæki IDUNNAR er námsvísir fyrirtækisins. Á síðasta starfsári var námsvísirinn gefinn út að vori og hausti í tæplega 14.000 eintökum í hvort skipti. Námsvísinum er dreift til félagsmanna í pósti auk þess sem hann er öllum aðgengilegur á stafrænu sniði á vefnum.

Vefur IDUNNAR ([www.idan.is](http://www.idan.is)) er einnig mikilvægt markaðstæki til að kynna námskeið og starfsemina. Lang flestar umsóknir um námskeið eru afgreiddar í gegnum vefinn auk þess sem rafræn þjónusta sem IDAN fræðslusetur sinnir, m.a. skil á ýmsum skýrslum eða tímaseðlum, fer þar fram.

Á vefnum er einnig hægt að sækja eyðublöð í tengslum við bæði námssamninga og sveinspróf.

Á starfsárinu var vefurinn uppfærður í nýjustu útgáfu af Joomla vefumsjónarkerfinu auk þess sem vinna hófst við hönnun á nýjum vef IDUNNAR fræðsluseturs.

Fylgjendum IDUNNAR á Facebook samfélagsmiðlinum fer stöðugt fjölgandi og verður sá vettvangur sífellt mikilvægri í markaðsstarfinu. IDAN er einnig til staðar á Twitter (@idanfraedsla), YouTube ([youtube.com/idanfraedslusetur](http://youtube.com/idanfraedslusetur)) og LinkedIn.


*Á síðasta starfsári var námsvísir IDUNNAR gefinn út að vori og hausti í tæplega 14.000 eintökum.*

# ÍÐAN í tölum

## Fjöldi námskeiða




## Fjöldi þátttakenda




## Fjöldi sveinsprófstaka



## Fjöldi námssamninga



## Eigið fé




## Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati



2007	72
2008	143
2009	171
2010	227
2011	234
jan - júní 2012	148
júlí 2012 - júní 2013	222
júlí 2013 - júní 2014	226
júlí 2014 - júní 2015	283

## Metnar einingar



2007	2.294
2008	3.819
2009	6.236
2010	7.586
2011	7.474
jan - júní 2012	4.591
júlí 2012 - júní 2013	6.789
júlí 2013 - júní 2014	7.934
júlí 2014 - júní 2015	13.301

# Fyrirtækjaþjónusta

Fyrirtækjaþjónusta IÐUNNAR hefur verið í gangi frá árinu 2011. Í henni felst að fyrirtækjum er boðin heimsókn frá fulltrúum IÐUNNAR sem kynna þá starfsemi sem IÐAN býður upp á. Fyrirtæki sem eiga aðild að IÐUNNI njóta umtalsverðrar niðurgreiðslu af kostnaði við námskeiðahald. Þjónusta IÐUNNAR felst meðal annars í kynningu inni í fyrirtækjum á námsframboði hverrar annar, þarfagreiningu vegna fræðslu innan fyrirtækis, áætlanagerð í fræðslumálum og skipulagi á framkvæmd fræðslunnar. Á kynningunum er farið yfir námsframboð IÐUNNAR, boðið upp á sérsniðin námskeið, raunfærnimat kynnt og boðið upp á einstaklingsviðtöl. Á liðnu starfsári voru 84 fyrirtæki/starfsstöðvar viðs vegar um landið heimsótt.

**84 fyrirtæki voru heimsótt á liðnu starfsári og heildarfjöldi heimsókna er kominn í 386.**

Markaðssetning fyrirtækjaþjónustu IÐUNNAR byggir helst á persónulegum samskiptum sviðsstjóra og náms- og starfsráðgjafa við stjórnendur fyrirtækja, en að auki er þjónustan auglýst í námsvísí og á heimasíðu IÐUNNAR. Hringt er í fyrirtæki sem greiða símenntunargjöld til IÐUNNAR og boðið upp á heimsókn sviðsstjóra og náms- og starfsráðgjafa í fyrirtækið. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og undantekningalaust er vel tekið í slíkar heimsóknir. Mörgum virðist koma á óvart hve mikil og fjölbreytt starfsemi er í gangi hjá IÐUNNI og ljóst að þetta er hvatning til að nýta sér það sem í boði er.

Ýmist eru það stjórnendur á vinnustað eða smærri hópar starfsmanna sem sitja slíkar kynningar. Þegar um fjölmenn fyrirtæki er að ræða er oft farið í fleiri en eina heimsókn, þá í ólíkar deildir eða starfsstöðvar. Í lok kynningar er einstaklingum boðið að skrá sig í viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa sem margir nýta sér. Niðurstaða slíkra viðtala getur verið að fara í raunfærnimat í viðkomandi faggrein, skrá sig á námskeið til að efla færni og ýmislegt fleira.


Eins og áður kom fram voru 84 fyrirtæki heimsótt á liðnu starfsári og heildarfjöldi heimsókna er kominn í 386 eins og sjá má á meðfylgjandi töflum. Þó skal tekið fram að einhver fyrirtæki hafa verið heimsótt oftari en einu sinni og stöku fyrirtæki óska eftir heimsókn vegna nýs námsvísí á hverju ári, sem er sérstaklega ánægjulegt.


Fyrirtæki eru nú farin að hafa samband að fyrra bragði og óska eftir kynningu þegar nýr námsvísir IÐUNNAR kemur út og einnig hefur verið óskað eftir heimsókn náms- og starfsráðgjafa vegna nýrra starfsmanna sem ekki hafa lokið námi, þannig að þjónustan er að skila árangri.

Skipting fyrirtækjaheimsókna eftir sviðum 2014 - 2015

	Fjöldi heimsókna
Málm- og véltæknigreinar	22
Matvælagreinar	2
Bílgreinar	17
Bygginga- og mannvirkjagreinar	20
Prenttæknigreinar	23

Heildarfjöldi heimsókna eftir árum





## Vinnustaðanámssjóður

Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutaði í fyrsta sinn úr Vinnustaðanámssjóði til fyrirtækja sem voru með nema á námssamningi haustið 2011. Markmiðið með styrkjunum er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að hefja og/eða ljúka því. Rétt til að sækja um styrk eiga fyrirtæki eða stofnanir sem bjóða vinnustaðanám sem fer fram samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár framhaldsskóla og hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila sem ber ábyrgð á námi nemanda á vinnustað. Umsækjendur skulu

uppfylla almenn skilyrði gildandi reglugerðar um námssamninga og starfsþjálfun hvað varðar hæfi til að annast nemendur í starfsnámi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Rannís að halda utan um umsóknarferlið og auglýsa styrkina haustið 2013. Upphaflega var úthlutað úr sjóðnum tvisvar á ári, en frá og með 1. janúar 2014 var styrkurinn auglýstur fjórum sinnum á ári. Haustið 2014 sóttu 105 fyrirtæki um styrki fyrir 429 nema en 382 nemastyrkjum var úthlutað. Vorið 2015 sóttu 113 fyrirtæki um styrki fyrir 448 nema en 412 nemastyrkjum var úthlutað.

Hlutverk IÐUNNAR er að staðfesta að vinnustaðurinn uppfylli skilyrði um nemaleyfi, að fyrir liggi staðfesting þess að neminn sé á námssamningi og í vinnustaðanámi. Að lokinni greiningu á umsóknum eru upplýsingar sendar til Rannís sem svarar umsækjendum. IÐAN annast síðan útborgun styrkja í umboði Rannís samkvæmt úthlutunarreglum. Að lokinni úthlutun sendir IÐAN yfirlit um afgreiðslu styrkja.



## Nýjungar í fræðslustarfi

*Sviðið bauð upp á námskeið og aðra viðburði í tólf flokkum.*

### Nýjungar í málm- og véltæknigreinum

Nú að loknu fyrsta starfsári IÐUNNAR í Vatnagörðum 20 er rétt að staldra við og líta um öxl. Eins og alltaf vill verða á nýjum stað er margt sem þarf að slípa bæði innan sviðsins og og utan. Auk þess sem stundum þarf að gera hlutina á annan hátt en áður. Skemmst er frá að segja að flest allt sem lagt var upp með á fyrsta starfsári gekk upp. Hvort sem er í sambýlinu á námskeiðum eða á annan hátt. Aðal kostnaður sviðsins á nýjum stað var að koma upp sjö suðubásam ásamt útsogsbúnaði og innblæstri á móti.

Fyrir valinu varð búnaður frá TEKA fyrirtækinu og er hann að fullu samhæfur þannig að jafnmikið loft kemur inn í suðurýmið og sogið er úr því. Þá keypti sviðið tvær nýjar suðu- vélar og seldi tvær eldri. Þá hefur sviðið einnig fjárfest í tólf nýjum fartölvum og hermishugbúnaði (FluidSim) til kennslu í vökvatækni, loftstýringum og rafmagnsfræði.

Sviðið bauð upp á námskeið og aðra viðburði í tólf flokkum eða alls 64 námskeið og aðra viðburði á starfsárinu 2014 - 2015.

Samtals kom 601 þátttakandi á námskeið og viðburði sviðsins. Þá voru kennslustundirnar alls 1.704.

## Nýjungar í bygginga- og mannvirkjagreinum

Hinn 1. janúar 2015 gekk í gildi ákvæði mannvirkjalaga frá 2011 um að allir iðnmeistarar og byggingastjórar við byggingaleyfisskyld verkefni skuli hafa vottað gæðakerfi. Strax á árinu 2011 bauð bygginga- og mannvirkjasvið IÐUNNAR upp á námskeið um gæðakerfi í byggingariðnaði. Síðar var bætt við öðru og styttra námskeiði undir heitinu „Gæðakerfi einyrkja og undirverktaka“. Þeim sem starfa í greininni hefur mátt vera það ljóst í nokkur ár að til þess kæmi að þeir þyrftu að koma sér upp gæðakerfi en það var ekki fyrr en á árinu 2014 sem flestir tóku við sér. Hefur aðsókn að námskeiðum um gæðakerfi verið gríðarleg. Á árinu var bætt við einu námskeiði undir heitinu „Gæðastjórnunarkerfi iðnmeistarar og byggingastjóra“ þar sem farið er með þátttakendur í gegnum innleiðingu á gæðakerfi á lengri tíma. Einnig var sett af stað verkefnið „Gæðastjóri að láni“ sem fólst í því að þeim sem sótt höfðu námskeið IÐUNNAR bauðst að fá til sín ráðgjafa til að aðstoða við að setja upp gæðakerfi.

Aukin áhersla hefur verið lögð á samvinnu við birgja og efnissala um námskeiðahald. Á vegum þeirra koma iðulega til landsins tæknimenn og sérfræðingar frá framleiðendum efna og verkfæra. Þessir sérfræðingar hafa verið að kynna nýjungar í efnunum, aðferðum eða verkfærum fyrir starfsmönnum efnissala og því kjörið að halda um leið námskeið eða kynningar fyrir fagmenn í þeirri grein sem um ræðir. Var haldið námskeið í samvinnu við Málningu hf um eldvarnarmálningu, annað í samvinnu við VÍDD ehf um tæki til að hræra múrblöndur, eitt í samvinnu við BYKO um kitti og þéttiefni og enn eitt í samvinnu við Gólfefnavef um nýlög og viðhald parkets. Er ætlunin að halda áfram á þessari braut.

Það færir í vöxt að fagmenn í byggingariðnaði vinni í mælingu. Því var sett í gang vinna við að endurgera og þróa námskeið um verðskrár byggingamanna. Var boðið

upp á námskeið um verðskrá húsasmiða og annað um verðskrá pípulagningamanna. Einnig var unnið að þróun námskeiða fyrir verðskrár annarra greina.

Nokkur ný fagnámskeið fyrir byggingamenn voru kynnt til sögunnar á sl. ári. Í pípulögnum var boðið námskeið um afhendingu lagnakerfa, tilbúnað tengigrindur og rafeindabúnað í hitakerfum. Í húsa- og húsgagnasmiði var boðið nýtt námskeið um sólpalla, skjólgirðingar og mannvirki á ferðamannastöðum. Nýtt námskeið um nýjungar í flísalögnum var boðið fyrir múrara. Fyrir málara var boðið nýtt námskeið um eldvarnarmálningu. Í veggfóðrun og dúkablögn var boðið upp á námskeið í nýjungum í gólfdukkum. Skrúðgarðyrkjumönnum voru boðin námskeið í samvinnu við endurmenntun Landbúnaðarháskólans. Við þróun námskeiða hefur verið lög áhersla á góða samvinnu við hagsmunaaðila svo sem fagfélög, birgja, Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð og fleiri aðila. Námskeið um öryggi og vinnuvernd hafa verið haldin í samvinnu við Vinnueftirlitið.

IÐAN er aðili að rekstri Húsverndarstofu á Árbæjarsafni í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur og Minjastofnun Íslands. Húsverndarstofa hefur um margra ára skeið boðið upp á ókeypis ráðgjöf um viðgerðir og viðhald gamalla húsa á miðvikudögum kl. 15.00 - 17.00. Á sl. ári stóð Húsverndarstofa fyrir fræðslufundi um gluggaviðgerðir sem var mjög vel sóttur af fagmönnum og almenningi.

Námskeið bygginga og mannvirkjasviðs voru haldin í Reykjavík, Borgarnesi, Ólafsvík, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum, Neskaupstað Vestmannaeyjum, Hellu og Selfossi.





## Nýjungar í prentiðngreinum

*Þann 6. febrúar 2015  
var haldinn dagur  
íslensks prentiðnaðar  
í Vatnagörðum 20 í  
samvinnu við Samtök  
iðnaðarins og Grafía*

Að venju var ekki setið auðum höndum í prentiðngreinum á starfsárinu. Farið var af stað með vinnustofur fyrir prentara á haustdögum. Þar voru tekin fyrir ákveðin þemu og rædd af prenturum. Þar var á ferð eins konar jafningjafræðsla án kennara. Mæltist þetta fyrirkomulag einkar vel fyrir og verður prófað fyrir fleiri starfsgreinar. Haldið var áfram með master class námskeið í Creative Cloud pakkanum frá Adobe. Hádegisfyrirlestrar héldu áfram frá fyrra ári við mikla ánægju. Þann 6. febrúar var haldinn Dagur íslensks prentiðnaðar í Vatnagörðum 20 í samvinnu við Samtök iðnaðarins og Grafía. Fyrirkomulag dagsins var með því sniði að stuttir fyrirlestrar voru frá kl.15.00 - 18.00 og eftir það var skemmtun

með tónlist og léttum veitingum. Mæting fór langt fram úr væntingum var yfirfullt á flesta fyrirlestra og er talið að komið hafi á milli 250 - 300 manns. Á vorönn var tekið til við að kenna á fleiri margmiðlunarforrit.

Áfram var haldið á þeirri braut að bjóða prentfyrirtækjum og viðskiptavinum þeirra þjónustu með stillingar og skjástillingar. Hefur Ólafur Brynjólfsson sinnt þessari þjónustu fyrir IÐUNA. Í nýju húsnæði IÐUNNAR er fullkomin tölvustofa útbúin bestu fánlegum Apple tölvum og Creative Cloud frá Adobe. Miklir möguleikar til samstarfs og útvíkkunar á starfi prenttæknisviðs.





## Nýjungar í matvæla- og veitingagreinum

Matvæla- og veitingasvið IÐUNNAR og Sæmundur fróði buðu fram fjölbreytt úrval af námskeiðum á liðnu starfsári. Námskeiðin fóru fram í Hótel- og matvæla- og veitingaskólanum og í fyrirtækjum víða um land. Fagnámskeið I, II og III voru haldin á árinu og samtals luku 20 þátttakendur því námi. Ánægjulegt er að sjá hve hátt hlutfall þeirra sem ljúka fagnámskeiðunum halda áfram námi í matvæla- og veitingareinum. Meðal nýjunga á sviðinu voru námskeið í brýnslu á hnífum, nám í ostagerð, léttir réttir í bakaríum, vinnámskeið, nám í kjötskurði fyrir starfsmenn Sláturfélags Suðurlands, nám í pylsugerð og gerð eftirréttanna.



*Óskir þátttakenda eru fjölbreyttar en það sem helst einkennir þær er áhugi á ýmsu sem varðar raffræði og rafbúnað bifreiða.*

## Nýjungar í bíliðngreinum

Starfsemi bílgreinasviðs beinist bæði að fræðslu og þjónustu við starfsgreinina. Námskeið í bílgreinum voru burðarásinn í fræðslustarfinu. Þau spanna vítt svið og þjóna bæði starfandi fagfólki og nemendum í iðngreinunum. Mikið af efni námskeiða er hefðbundið en annað nýtt. Námskeið eru bæði almenns eðlis til upprifjunar og símenntunar eða sértæk um nýjungar í tækni eða vinnubrögðum. Dæmi um þau síðar-nefndu er stórt námskeið um notkun Cabas tjonamatskerfisins þar sem erlendir kennarar komu að fræðslunni. Þá hafa verið haldin námskeið fyrir starfsfólk tengt bílgreininni samanber námskeið vegna réttinda bílasala.

Á starfsárinu var gerð könnun hjá félagsmönnum IÐUNNAR um óskir þeirra um fræðsluefni á námskeiðum. Niðurstöður þessarar könnunar speglast væntanlega í námskeiðum sem boðin verða á næsta starfsári. Óskir þátttakenda eru fjölbreyttar en það sem helst einkennir þær er áhugi á ýmsu sem varðar raffræði og rafbúnað bifreiða.

Sem fyrr er IÐAN í góðu samstarfi við fjölmörg fyrirtæki í bílgreininni og halda nokkur bílaumboð uppi fræðslustarfsemi í húsa-kynnum IÐUNNR í Vatnagörðum.

Á starfsárinu hefur vinna hafist við þátttöku IÐUNNAR í rafbifreiðavæðingunni. Undirbúin hafa verið námskeið um slík ökutæki næsta vetur. Þá verður haldinn „Rafbíladagur“ í september n.k. Þangað munu bifreiða-umboðin koma með rafbíla og sýna öllum þeim sem áhuga hafa og starfa í bílgreininni, einnig verða fyrirlestrar og málþing.

Ótvírætt er að húsnaði IÐUNNAR er mikil lyftistöng fyrir starfsemi bílgreinasviðsins sérstaklega hvað varðar kennsluáðstöðu, vinnusal og ekki síður nálægð við aðra starfsemi IÐUNNAR.



## Nýjungar í hársnyrtiðn

Á námsárinu var megináhersla lögð á rekstrar- og markaðsnámskeið ásamt námskeiðum sem tengjast persónulegri hæfni. Samvinna var við Endurmenntun Háskóla Íslands sem gerir okkur kleift að selja eitt og eitt sæti á fyrirfram ákveðin námskeið. Það form hentar iðngreininni vel, í stað þess að þurfa að fylla heilt námskeið.

Námsstyrkir voru veittir til hársnyrtifólks vegna fagnámskeiða sem félagsmenn velja sjálfir. Mikil hefð er innan iðngreinarinnar fyrir endurmenntun í gegnum ákveðin vörumerki og því var þetta fyrirkomulag tekið upp. Sérstaklega voru áberandi styrkir vegna fagnámskeiða erlendis og vegna náms í Meistaraskólanum.

Ný námskeið voru í boði í samvinnu við nýja aðila í virðisaukaskatti og reiknuðu endurgjaldi og mæltust þau vel fyrir. Þau námskeið komu inn til að mæta breytilegu rekstrarformi í greininni. Sem fyrr var einnig boðið upp á léttari námskeið s.s í jólakonfektí.


Farið var norður á land með námskeið í TAXTA fyrir Félag hárgreiðslu- og háskerameistara á Akureyri. Það námskeið var vel heppnað og hefur félagið óskað eftir áframhaldandi samstarfi.

Eitt fyrirtækjanámskeið var haldið í skyndihjálpi, en þá komu allir starfsmenn eftir vinnu og lærðu hjálpi í viðlögum undir handleiðslu Rauða Krossins.


*Ný námskeið voru í boði í samvinnu við nýja aðila í virðisaukaskatti og reiknuðu endurgjaldi og mæltust þau vel fyrir.*

# Náms- og starfsráðgjöf


Mynd 1. Fjöldi einstaklinga í raunfærnimat.



Mynd 2. Fjöldi staðinna eininga.



Mynd 3. Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala.



Náms- og starfsráðgjöf IÐUNNAR er orðin stór hluti af starfsemi fyrirtækisins. Þar býðst starfsfólki í iðn- og verkgreinum að skoða þá möguleika sem það hefur á námi og starfsþróun og er markmið ráðgjafarinnar að stuðla að auknum árangri í námi og starfi. Náms- og starfsráðgjöfin er gjaldfrjál.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir samning við IÐUNA ár hvert en í honum felst að bjóða fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR eru fimm og hafa þeir sinnt náms- og starfsráðgjöfinni en að auki tekið þátt í vinnu starfsgreinaráða, verkefninu Fræðslustjóri að láni, farið í fyrirtækjaheimsóknir og haldið utan um mat á erlendra starfsmenntun.

## Árangur í starfi

Raunfærnimat er áhugaverð leið fyrir fólk sem hefur reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat er hægt að stytta nám, sýna fram á reynslu og færni í starfi. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eftt sjálfstraust þeirra ásamt því að stytta mögulega nám til sveinsprófs/réttinda. Raunfærnimat hefur náð að vinna sér sess í samfélaginu þó alltaf þurfi að huga að hvernig best megi standa að kynningu á því.

Á starfsárinu (júlí 2014 - júní 2015) var unnið raunfærnimat í 23 greinum þar af þremur nýjum; netagerð, slátrun og aðstoðarþjóni. Alls fóru 283 einstaklingar í raunfærnimat (mynd 1) og fjöldi staðinna eininga á árinu var 13.301 (mynd 2). Fjöldi eininga er töluvert meiri en fyrri ár og má rekja það til þess að nú er raunfærnimetinn vinnustaðþáttur nokkurra greina ásamt því að símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa unnið með hópa í iðngreinum í samstarfi við IÐUNA. Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati er 47 á hvern einstakling sem er talsvert meira en fyrri ár (35 einingar á síðasta starfsári). Ánægjulegt er að segja frá því að metnar hafa verið ríflega 60.000 einingar hjá IÐUNNI síðan 2007 en það er 3.000 annir í fullu námi.

Gott samstarf er við símenntunarmiðstöðvar landsins og er reynt að bjóða raunfærnimat víðsvegar um landið eftir því sem kostur er. Að þessu sinni voru unnin raunfærnimatsverkefni í samvinnu við þrjár símenntunarmiðstöðvar, SÍMEY, Farskólann og Fræðslumiðstöð Vestfjarða en þátttakendur hafa einnig komið frá fleiri stöðvum.



Fjölmargir hafa hitt náms- og starfsráðgjafa, bæði í einstaklings- og hópráðgjöf. Heildarfjöldi viðtala á starfsárinu var 1.879 og eru það nokkuð færri viðtöl en í fyrra þegar fjöldinn var 2.639 (mynd 3). Ýmsar skýringar eru á fækkun viðtala og má þar helst nefna áherslubreytingar í starfinu með tilkomu MARKVISS ráðgjafar - Fræðslustjóra að láni og breytingum á [www.namogstorf.is](http://www.namogstorf.is), [www.verknam.is](http://www.verknam.is) og verkefnum tengdum kynningu á iðn- og verknámi.

IDAN reynir eftir fremsta megni að fylgja eftir þátttakendum raunfærnimats. Ánægjulegt er að segja frá því að 486 einstaklingar hafa lokið námi eftir raunfærnimat en það samsvarar 28% allra þeirra sem tekið hafa þátt í því frá byrjun. Þar sem erfitt er að hafa yfirsýn yfir aðrar greinar en löggiltar iðngreinar gæti útskrifaður hópur þó verið stærri. Um þriðjungur er nú í námi að loknu raunfærnimati en því miður stækkar hópurinn sem hefur ekki nám eða hættir í námi. Námsframboð hentar þátttakendum í raunfærnimati misjafnlega vel en margir sækja þó í dreifnám þar sem slíkt er í boði.

Netkönnun er send til þátttakenda raunfærnimats ár hvert og leitað eftir viðhorfum þeirra til raunfærnimatsins og námi að því loknu. Niðurstöður síðasta starfsárs eru með líkum hætti og fyrri ár þar

sem almenn ánægja er með raunfærnimatið, ráðgjöfina og ferlið í heild sinni. Helstu hindranir til þess að ljúka námi eru enn tímaskortur og kostnaður en það skýrist að mörgu leyti af því að margar iðngreinar eru einungis kenndar í dagskóla. Fyrir einstakling með ábyrgð og skuldbindingar gagnvart vinnu og fjölskyldu getur það þurft mikla skipulagningu að fara í dagskóla. Kostnaður er einnig hindrun fyrir marga, hvort tveggja skólagjöld (þá sérstaklega í kvöldskóla) og efniskostnaður sem borga þarf í iðnnámi.

Fyrirtækjþjónustan hefur skapað sér ákveðinn sess hjá IDUNNI. Í henni felst að náms- og starfsráðgjafi og sviðstjóri heimsækja fyrirtæki. Í heimsókninni er farið yfir námsframboð IDUNNAR, boðið upp á sérsniðin námskeið, raunfærnimat kynnt og boðið upp á einstaklingsviðtöl fyrir starfsfólk. Á síðasta starfsári voru 84 fyrirtæki heimsótt víðsvegar um landið. Hafa heimsóknirnar borið mikinn árangur þar sem margir einstaklingar hafa til dæmis sótt námskeið og farið í raunfærnimat að þeim loknum.

Með minnkandi atvinnuleysi hefur ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur breyst nokkuð miðað við síðustu starfsár og ekki er lengur gerður samningur við Vinnuálastofnun um reglubundin viðtöl við atvinnuleitendur. Hins vegar sóttu margir frá VMST suðusmiðjur

sem haldnar voru í sérstaklega hannaðri aðstöðu fyrir suðukennslu í húsnæði IDUNNAR fræðsluseturs. Haldnar voru þrjá TIG suðusmiðjur og ein MIG/MAG smiðja fyrir atvinnuleitendur.

Líkt og í fyrra var mikið samstarf við STARF-vinnumiðlun og ráðgjöf. Hlutverk náms- og starfsráðgjafar IDUNNAR var að veita þjónustu í samstarfi við ráðgjafa STARFS til atvinnuleitenda sem eru félagsmenn innan FIT og Byggiðnar. Boðið var upp á námskeið, bæði á íslensku og ensku, þar sem áhersla var lögð á ferilskráargerð, fjallað um samskipti og styrkleika einstaklinga sem og mikilvægi markmiðssetningar og undirbúning fyrir atvinnuviðtal. Einnig var farið lauslega yfir réttindi og skyldur félagsmanna. Fjögur slík námskeið voru haldin og voru það nokkuð færri en árið áður þar sem atvinnuástand skánaði mikið hjá félagsmönnum sem heyra undir FIT og Byggið. STARF-vinnumiðlun og ráðgjöf hætti störfum í lok apríl s.l. en það var þriggja ára tímabundið tilraunaverkefni sem Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins sömdu um við ríkisvaldið í kjarasamningum árið 2011. Þjónustan sem STARF veitti færist því aftur til Vinnu-málastofnunar.

## SVEINSPRÓF

IÐAN rekur umfangsmikla þjónustu við nemendur í verknámi. Fyrirtækið sér um gerð námssamninga og heldur utan um skrár yfir nemendur í vinnustaðanámi fyrir um 30 löggiltar iðngreinar. Jafnframt veitir IÐAN sveinsprófsnefndum þessara löggiltu iðngreina þjónustu með skráningu nemenda í sveinspróf, við undirbúning prófa og aðstoð við gerð verklagsreglna um framkvæmd prófa. IÐAN aðstoðar nema-leyfisnefndir við störf þeirra við mat á fyrirtækjum sem sækja um heimild til þess að taka nema á náms-samning.

IÐAN hefur umsjón með sveinsprófum í 28 löggiltum iðngreinum. Á tímabilinu frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2015 þreytti samtals 439 nemi sveinspróf í þeim iðngreinum sem IÐAN þjónar. IÐAN hefur staðið fyrir kynningum á gæðahandbók fyrir sveinsprófsnefndir. Tilgangurinn með handbókinni er að lýsa hlutverki og tilgangi nefndanna, ásamt því að lýsa verklagi með það að leiðarljósi að auka gæði og gagnsæi við framkvæmd prófanna.

Alls starfa á fjórða tug nefnda í þeim löggiltu iðngreinum sem IÐAN þjónar með á annað hundrað nefndarmenn.

# 439

nemar þreyttu sveinspróf  
í þeim iðngreinum sem  
IÐAN þjónar.

Iðngrein	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Almenn ljósmyndun	7	9	3	6	8	3	4
Bakaraiðn	3	9	7	4	2	8	4
Bifreiðasmíði	5	7	9	10	10	3	3
Bifvélavirkjun	32	31	35	27	27	59	47
Bílamálun	5	10	7	9	12	10	10
Blikksmíði	8	8	4	1	5	5	5
Bókband		1		3	2		
Framreiðsluðn	11	15	7	12	10	25	24
Gull- og silfursmíði		6	5	3	6	10	7
Hársnyrtiðn	71	47	74	49	68	23	29
Húsasmíði	253	199	170	92	112	72	78
Húsgagnabólstrun							1
Húsgagnasmíði	6	2	2	3	0		4
Kjólasmur	12	8	11	6	15	11	9
Kjötiðn	3	4	2	4	4	3	3
Klæðskurður	7	4		6	9	8	5
Konditor							
Matreiðsla	45	32	39	27	42	39	30
Málaraiðn	21	35	25	23	22	17	15
Málmsuða					0		
Múraraíðn	11	10	12	10	7	4	4
Netagerð		2			0	2	2
Pípulagnir	57	49	39	37	31	21	21
Prentsm./grafísk miðlun	8	9	1	8	6	11	11
Prentun	3	7			1		
Rennismíði		10	5	6	9	4	4
Skipa og bátasmíði							
Skósmíðaiðn	1				0		1
Snyrtifræði	51	36	49	36	41	47	37
Stálsmíði	8	6		5	12		4
Söðlasmíði			1		0	4	
Úrsmíði			1		1		
Veggfóðrun	3	4	2	1	0	1	1
Vélvirkjun	50	79	90	97	78	91	76
<b>Samtals</b>	<b>681</b>	<b>639</b>	<b>604</b>	<b>485</b>	<b>539</b>	<b>481</b>	<b>439</b>

## NÁMSSAMNINGAR

Þjónusta IÐUNNAR fræðsluseturs felst í því að taka á móti umsóknum um gerð námssamninga, meta fylgigögn og áætla námslok nema. Samningsaðilar fá námssamninga senda. Þegar nemi og meistari hafa skrifað undir samninginn og hann verið samþykktur af skólanum er hann staðfestur af IÐUNNI fræðslusetri. Í töflu 4 er yfirlit yfir fjölda námssamninga sem staðfestir hafa verið árin 2009 - 2014.

Töluverð brögð eru að því að umsóknir um námssamninga verði aldrei að staðfestum námssamningum. Kemur þar marga til, t.d. að fullnægjandi gögn berast ekki með umsókn, nemi hættir í námi eða námssamningur kemur ekki til staðfestingar þó hann hafi verið sendur til nema og meistara.

Iðngrein	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Almenn ljósmyndun	8	5	1	9	8	7	6
Bakaraiðn	9	4	7	16	7	14	12
Bifreiðasmíði	7	6	12	3	9	5	5
Bifvélavirkjun	48	19	29	29	47	52	38
Bílamálun	8	5	6	7	16	9	8
Blikksmíði	8	3	3	1	9	8	5
Bókasafns- og upplýsingat.	3						
Bókband	3	1		1			
Framreiðsluiðn	13	20	24	40	38	37	45
Gull- og silfursmíði	3	1	5	4	12	3	2
Hársnyrtiðn	74	68	64	57	52	47	43
Húsasmíði	169	95	77	79	73	81	103
Húsgagnabólstrun				1	1	0	2
Húsgagnasmíði	7	1	1	1	7	7	6
Kjólasaumur	9	7	8	9	17	12	12
Kjötiðn	9	3	8	11	14	14	13
Klæðskurður	7	4		8	8	5	7
Konditor				1		0	
Matreiðsla	83	64	62	107	136	135	129
Málaraiðn	28	11	8	23	12	17	14
Mjólkuriðn	3	6	2	7		0	
Múraraíðn	17	8	12	9	8	5	12
Netagerð				2	4	5	4
Pípulagnir	33	28	22	29	18	28	28
Prentsmíð og grafísk miðlun	7	3	4	11	5	12	10
Prentun	3	3			4	0	
Rennismíði	7	14	4	3	10	6	11
Skípa- og bátasmíði			1			0	
Skósmíði				1		1	1
Snyrtifræði	49	38	43	43	52	46	52
Söðlasmíði	2					0	
Úrsmíði					1	9	
Stálsmíði	8	9	4	10	15	1	10
Veggfóðrun og dúkl.		1		1		0	1
Vélvirkjun	62	80	73	66	60	84	96
<b>Samtals</b>	<b>687</b>	<b>507</b>	<b>485</b>	<b>589</b>	<b>643</b>	<b>650</b>	<b>675</b>



## Nýjungar á árinu

*MARKVISS aðferðin var notuð í þeim verkefnum sem unnin voru undir yfirskriftinni Fræðslustjóri að láni en á starfsárinu voru þrjú verkefni unninn með fyrirtækjum tengdum starfsemi IÐUNNAR.*

### Fræðslustjóri að láni

Fræðslustjóri að láni er nýtt verkefni innan náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR en þar vinna ráðgjafar með fyrirtækjum að heildstæðri fræðsluáætlun.

Haustið 2014 sóttu fjórir náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR námskeiðið MARKVISS þar sem fylgt er ákveðinni aðferðafræði til að skipuleggja fræðslu og þjálfun innan fyrirtækja. MARKVISS aðferðin var notuð í þeim verkefnum sem unnin voru undir yfirskriftinni Fræðslustjóri að láni en á starfsárinu voru þrjú verkefni unninn með fyrirtækjum tengdum starfsemi IÐUNNAR, eitt á matvælasviði, eitt á prenttækisviði og eitt á bílgreinasviði. Eitt af því sem einkennir aðferð MARKVISS er að starfsfólk viðkomandi fyrirtækis tekur þátt í greiningarvinnu. Skipaður er stýrihópur innan fyrirtækisins sem vinnur með MARKVISS ráðgjöfum í öllu ferlinu.

Á vorönn 2015 var ítarlegri skýrslu skilað með heildstæðum fræðsluáætlunum þeirra þriggja fyrirtækja sem unnið var með og miðað við að fyrirtækin gætu byrjað að vinna eftir þeim haustið 2015. Óhætt er að segja að þessi fyrstu verkefni hafi verið lærdómsrík en töluverð vinna.

### Sjósókn

Á starfsárinu voru náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR þátttakendur í verkefni sem nefnist Sjósókn. Verkefninu er stýrt af Símei – símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar á Akureyri en auk þeirra og IÐUNNAR eru Mímír símenntun, MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum og Víska – Fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja aðilar að verkefninu. Sjósókn er ætlað sjómönnum sem hafa ekki lokið framhaldsskóla og er meðal annars boðið upp á raunfærnimat í greinum innan starfssviða IÐUNNAR ásamt öðrum menntatengdum úrræðum. Þó nokkrir hafa komið í raunfærnimat hjá IÐUNNI á vorönn 2015 í gegnum verkefnið og er áætlað að verkefninu ljúki í lok árs 2015. Verkefnið er styrkt af Sjómennt og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.





## SKYPE í fjarvinnslu

SKYPE forritið var töluvert notað á starfsárinu hjá náms- og starfsráðgjöfinni bæði í raunfærnimatinu og einnig í Fræðslustjóra að láni. Skype nýtist til að lækka ferðakostnað og einnig gefst þátttakendum að vera í sinni heimabyggð með sínum náms- og starfsráðgjafa. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur gefið samþykki fyrir því að nýta þessa tækni í starfinu.

## IPA í netagerð og aðstoðarþjóni

Raunfærnimat í netagerð og aðstoðarþjóni voru IPA verkefni starfsársins. Netagerðin gekk vel og var notast við SKYPE forritið í fyrsta skipti í matsviðtali til þess að nálgast matsaðila erlendis í einu viðtali. Raunfærnimat í aðstoðarþjóninum gekk þokkalega en erfitt var að fá þátttakendur í það verkefni.

## Menntun núna

IDAN var samstarfsaðili í verkefninu „Menntun núna“ sem var samstarfsverkefni menntamálaráðuneytisins, atvinnulífsins og Reykjavíkurborgar. Hlutverk IDUNNAR var að bjóða raunfærnimat í ýmsum greinum í samstarfi við verkefnið.

## Menntun í Norðvesturkjördæmi

Menntun í Norðvesturkjördæmi var sambærilegt verkefni og „Menntun núna“ en fyrir Norðvesturland. Hlutverk IDUNNAR var að verkefnisstýra raunfærnimati í ýmsum greinum í samstarfi Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólann og Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Tókst verkefnið með ágætum og ánægjulegt að sjá hve margir á svæðunum nýttu sér þetta tækifæri.

Eins og sjá má hefur starfsárið verið viðburðaríkt, verkefni fjölbreytt og skemmtileg. Ekkert er því til fyrirstöðu að náms- og starfsráðgjöf IDUNNAR fræðsluseturs muni halda áfram að eflast.

# Símenntun

Helsta markaðstæki IÐUNNAR er námsvísirinn sem kemur út tvisvar á ári og er dreift til allra aðila IÐUNNAR. Upplagið er rúmlega 14.000 eintök. Námsvísirinn er einnig aðgengilegur á vef IÐUNNAR þar sem skráning á námskeið fer einnig fram.

Félagsmenn eiga kost á ferðastyrk til að sækja námskeið og er styrkurinn veittur eftir ákveðnum reglum sem birtar eru á vef IÐUNNAR. Skilyrði fyrir styrkveitingu eru þau að greidd hafi verið símenntunargjöld af styrkþega til IÐUNNAR.

myndskeiða en unnið er að því að auka vægi þeirra í námskeiðsflórinni á komandi árum.

Á starfsárinu 2014-2015 voru haldin 242 námskeið. Fjöldi þátttakenda var samtals 2469.

IÐAN heldur námskeið um land allt. Á síðast starfsári var áfram unnið að þróun netnámskeiða og

Á haustönn 2014 voru haldin 139 námskeið og þátttakendur voru samtals 1.477.

## Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR haust 2014

Haut 2014	Haldin námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslu- stundir	Heildar kennslustundir
<b>Bílgreinasvið</b>	19	165	472	3.723
<b>Byggingasvið</b>	49	517	557	5.195
<b>Hárið</b>	4	30	18	134
<b>IÐAN námskeið</b>	8	69	112	726
<b>Matvæla- og veitingasvið</b>	16	234	232	3.528
<b>Málm- og véltækisvið</b>	30	332	992	8.938
<b>Prenttækisvið</b>	13	130	97	861
<b>Samtals:</b>	<b>139</b>	<b>1.477</b>	<b>2.480</b>	<b>23.105</b>

Á vorönn 2015 voru haldin 179 námskeið og þátttakendur voru samtals 1.784.

## Fjöldi þátttakenda og námskeiða IÐUNNAR vor 2015

Vor 2015	Haldin námskeið	Fjöldi þátttakenda	Kennslu- stundir	Heildar kennslustundir
<b>Bílgreinasvið</b>	35	268	815	6.117
<b>Byggingasvið</b>	66	661	763	8.294
<b>Hárið</b>	4	35	22	195
<b>IÐAN námskeið</b>	13	134	165	1.021
<b>Matvæla- og veitingasvið</b>	12	143	288	4.083
<b>Málm- og véltækisvið</b>	31	269	712	4.660
<b>Prenttækisvið</b>	18	274	193	2.619
<b>Samtals:</b>	<b>179</b>	<b>1.784</b>	<b>2.958</b>	<b>26.989</b>



## Skipting þátttakenda eftir félagsaðild haust 2014

Haut 2014	Félagsmenn	Aðrir	Félagmenn sem % af heild hvers sviðs
Bílgreinasvið	160	5	97%
Byggingasvið	344	173	67%
Hárið	19	11	63%
IÐAN námskeið	69	0	100%
Matvæla- og veitingasvið	164	70	70%
Málm- og véltækisvið	315	17	95%
Prenttækisvið	127	3	98%
<b>Samtals:</b>	<b>1.198</b>	<b>279</b>	<b>81%</b>

*Þátttakendur á haustönn 2014 voru 1.198 og 81% þeirra voru félagsmenn.*

## Skipting þátttakenda eftir félagsaðild vor 2015

Vor 2015	Félagsmenn	Aðrir	Félagmenn sem % af heild hvers sviðs
Bílgreinasvið	249	19	93%
Byggingasvið	468	193	71%
Hárið	35	0	100%
IÐAN námskeið	134	0	100%
Matvæla- og veitingasvið	75	68	52%
Málm- og véltækisvið	243	26	90%
Prenttækisvið	258	16	94%
<b>Samtals:</b>	<b>1.462</b>	<b>322</b>	<b>82%</b>

*Þátttakendur á vorönn 2015 voru 1.462 og 82% þeirra voru félagsmenn.*

Alls fóru 15  
iðnnemar til  
fimm landa og  
tóku hluta af sínu  
vinnustaðanámi þar.



## Verkefnavinna

Erasmus+ er heitið á nýrri menntaáætlun ESB. Hingað til hafa verkefni sem snúa að starfsmenntun fallið undir heitið Leonardo da Vinci en hér eftir er falla allar áætlanir sem snúa að mennta-, æskulýðs – og íþróttamálum undir Erasmus+.

Á vormánuðum lauk síðasta verkefni okkar í gegnum Leonardo da Vinci áætlunina. Verkefni hét ICEAPP – EURO (Icelandic Apprentices in Europe). Alls fóru 15 iðnnemar til fimm landa, Danmörk, Finnland, Noreg, Bretlands og Frakklands í matreiðslu, bólstrun, hársnyrtiðn, bakstri og gull- og silfursmíði og tóku hluta af sínu vinnustaðanámi þar. Á sama tíma tók ÍÐAN á móti 35 evrópskum iðnnemum frá Þýskalandi, Frakklandi, Belgíu, Norður Írlandi, Bretlandi og Finnlandi í gull- og silfursmíði, matreiðslu og framreiðslu - móttöku og í fyrsta sinn í bílamálun og bifvélavirkjun. Eftirfarandi fyrirtæki tóku þátt: Perlan, Grillmarkaðurinn, Fiskmarkaðurinn, Vox, Brimborg, Toyota, Bílabúð Benna, Hekla, B&L réttingaverkstæði og Fríða gullsmíður. Allir þátttakendur lýstu ánægju sinni með verkefnið. Nemarnir nefndu sérstaklega

eftirfarandi atriði: Mikil ánægja með hvað þau fengu að gera mikið, góður vinnuandi, frábær aðbúnaður, góða leiðsögn. Fulltrúar fyrirtækjanna lýstu ánægju sinni með hvað iðnnemarnir væru vel undirbúnir, þægilegir í umgengni, kurteisir og vinnusamir.

Við fengum einnig fjölmargar heimsóknir frá evrópskum og norrænum verknámsskólum, fyrirtækjum, háskólum og fulltrúum menntamálaráðuneyta. Tilgangur heimsóknanna var að kynnast starfsemi ÍÐUNNAR, koma á tengslum og vinna að nemaskiptum. Hér má nefna fulltrúa menntamála í Slóvakíu og Litháen, norrænn hópur vísindamanna um starfsnám, matreiðslu og prentiðnkennarar frá Finnlandi og Þýskalandi. Fulltrúar atvinnurekenda frá Þýskalandi og bíliðnkennarar frá Frakklandi. Við skipulögðum heimsóknir út í



fyrirtæki og verknámsskólum. Móttökur voru allstaðar með eindæmum góðar, má nefna fyrirtæki eins og Perlan, Grillmarkaðurinn, Fisk-markaðurinn, Vox, Kopar, Hótel Natura, Hotel Marina, Brimborg, Toyota, Arctic Trucks, Bílabúð Benna, Hekla, B&L réttungaverkstæði, Friða gullsmiður, Letter Press, Oddi, Umslag, Borgarholtsskóli, Menntaskólinn í Kópavogi, Tækniskólinn, Tanngarður, Fjölbautaskólinn í Ármúla og Fjölbautaskólinn í Breiðholti.

Nýtt verkefni Erasmus+ nemaskiptaverkefni hófst 1. júní 2015 og lýkur 31. maí 2017 og heitir EURO APPII. Nánari upplýsingar á: <http://idan.is/styrkir-til-vinnustadanams-idan>

European Quality Assurance in Mobility (EQMOB) er verkefni sem hófst í desember 2014 og er styrkt af Erasmus+ og fjallar um leiðir til að styrkja gæði nemaskiptaferða í

Evrópu og þá sér í lagi fyrir iðnnema og fyrirtæki. Það er mat þeirra aðila sem standa að verkefninu að fyrirtæki fái ekki opinbera viðurkenningu fyrir vel unnin störf á þessu sviði né skiplagðan stuðning til að taka þátt í nemaskiptaverkefnum. Fyrsti hluti verkefnisins hefur farið í að skilgreina hvað eru erlend nemaskipti, greina viðhorf fyrirtækja og væntingar til verkefnisins og útfæra gæðaviðmið. Aðilar verkefnisins tilheyra netverki sem fer undir heitinu EuroApprenticeship. Hægt er að fylgjast með framgangi verkefnisins á:

<http://www.euroapprenticeship.eu/en/start-of-eqamob-project/news.html>

Sjálfbær norræn velferð - Lærdómur á vinnustað/Lärandi på arbetsplats (LPA) er þriggja ára samstarfsverkefni um menntun, rannsóknir, félags- og heilbrigðismál sem lýkur á

þessu ári. ÍÐAN hefur verið samhæfingaraðili í þessu verkefni sem snýr að lærdóm á vinnustað fyrir hönd Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur séð um verkefnastjórn. Markmiðið með verkefninu er að takast á við þau úrlausnarefni sem Norðurlönd standa frammi fyrir varðandi það að útvega lærlings- og starfsnámsstöður, tryggja gæði náms á vinnustað og auka hlutfall nemenda sem ljúka námi á framhaldsskólastigi. Umræðuefni síðasta árs hafa verið; aðferðir til að efla jafnan aðgang að starfsnámi, stuðningur við starfsnámskennara, stuðningur við tilsjónarmenn/meistara á vinnustað og umræður um stöðu starfsnámsnema á vinnustað, þ.e. launþegi eða nemi?



Hæst bar ráðstefnan í Svartsengi í september 2014 í samvinnu við velferðaráðuneytið í tengslum við verkefnið. Þar mættu 170 fulltrúar stjórnvalda, atvinnulífs og skóla, framhaldsfræðsluaðilar, starfsendurhæfing, nemendur, kennarar og náms- og starfsráðgjafar. Sjónum var aðallega beint að þróun menntakerfa og möguleikum þess að tengja betur saman fyrirtæki og skóla með það að leiðarljósi að ungt fólk og atvinnuleitendur fái tækifæri til þess að þjálfa á vinnustað verði metin sem hluti af sínu námi. Á Íslandi hafa möguleikar fyrirtækja til að taka til sín nema í þjálfa sem hluta af starfsnámi verið að þrengjast m.a. vegna óvissunnar sem ríkt hefur á vinnumarkaði. Stjórnvöld á hinum Norðurlöndunum hafa glímt við sama vanda og því má segja að síðustu misseri hafi mjög verið horft til þess hvernig efla megi nám og starfsþjálfun á vinnustöðum og auka gæði þess. Mikilvægt er að tengja saman í umræðunni yfirvöld menntamála og vinnamála til að leiða fram nýja þekkingu og reynslu á þessum vettvangi. Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðisráðherra ávarpaði ráðstefnugestina. Dr. Ingeborg Friehs fjallaði ítarlega um tvískipta kerfi starfsmenntunar í Austurríki.

Lars Kunov framkvæmdastjóri sambands verkmenntaskóla í Danmörku gerði grein fyrir endurskipulaginu danska kerfisins. Dr. Elsa Eiríksdóttir fjallaði almennt um íslenska starfsnámskerfi, kosti þess og galla. Dr. Gestur Guðmundsson fjallaði um atvinnuleysi ungs fólks í Evrópu og atvinnuþátttöku íslenskra ungmenna. Haldnar voru fimm málstofur. María Gylfadóttir hjá Rannís stýrði málstofu um ástæður þess að fyrirtæki vilja taka nema og hvernig á að tryggja gæði þjálfunar. Þar ræddu málin fulltrúar fyrirtækja, skóla og nema saman. Helen Gray hjá IÐUNNI fékk til sín fimm iðnnema sem fjölluðu um spurninguna: *Getum við lært til starfs án vinnustaðanáms?* Guðfinna Harðardóttir hjá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins fjallaði um verkefni sem sem snýr að því að greina hvaða færni góður tilsjónamaður/starfsþjálfari þarf að búa yfir. Að lokum stýrði Sigríður Hulda Jónsdóttir, hjá SH ráðgjöfum málstofu um hvaða hæfni þarf vinnuafli framtíðarinnar að búa yfir. Þátttakendur voru hvattir til að taka þátt og voru umræður líffegar. Ráðuneytisstjóri mennta- og menningamálaráðuneytisins, Ásta Magnúsdóttir, sleit ráðstefnunni og sagðist vera mjög ánægð með afrakstur þessa dags og málið væri þarft og greinlegt væri að norrænu þjóðirnar létu sér málið varða.





**IDAN**  
fræðslusetur

Vatnagörðum 20  
104 Reykjavík

Sími 590 6400  
Fax 590 6401

[idan@idan.is](mailto:idan@idan.is)  
[www.idan.is](http://www.idan.is)

